



Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 01.10. 2021. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Ásta Björk Björnsdóttir, (fjarverandi), Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Sara Pálmadóttir (fjarverandi), Geirprúður Þórðardóttir, Arna Rut Hjartardóttir, Dröfn Sigurðardóttir, Kári Hlynsson og Bryndís Björk Guðvarðardóttir.

1. Starfsáætlun Skólaráðs 2020-21

Skólaráð kynnti sig og yfirfór hlutverk sitt og skyldur. Samþykkt var að Sara Pálmadóttir deildarstjóri Tólmstundamiðstöðvar Hraunvallaskóla yrði fulltrúi grenndarsamfélags. Skólaráð er því skipað eftirfarandi aðilum til næstu tveggja ára:

- Lars Jóhann Imsland skólastjóri
- Ásta Björk Björnsdóttir aðstoðarskólastjóri
- Fulltrúi kennara – Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir
- Fulltrúi kennara – Jenný Ósk Óskarsdóttir
- Fulltrúi starfsmanna – Geirprúður Þórðardóttir
- Fulltrúi foreldra – Dröfn Sigurðardóttir
- Fulltrúi foreldra – Arna Rut Hjartardóttir
- Fulltrúi grenndarsamfélags – Sara Pálmadóttir
- Fulltrúar nemenda eru – Kári Hlynsson og Bryndís Björk Guðvarðardóttir

Farið var yfir starfsáætlun skólaráðs og hún samþykkt. Fundir fara fram á föstudögum kl. 8:15 á fundarherbergi skólans skv. fundarplani.

2. Umfjöllun um starfsáætlun og skólanámskrá 2021-2022.

Skólastjóri lagði fram skólanámskrá með viðmiðundarstundaskrá og starfsáætlun Hraunvallaskóla fyrir skólaárið 2021-2022. Fulltrúar í skólaráði staðfestu með undirskrift sinni umfjöllun sína.

3. Breytingar á húsnæði og skólalóð

Skólastjóri sagði frá breytingum sem búið er að framkvæma á fjórum kennslusvæðum í aðalbyggingu, bættri aðstöðu Tólmstundamiðstöðvar og ærslabelg sem verið er að koma fyrir á skólalóðinni. Í lok fundar skoðaði skólaráð umræddar breytingar og ræddi við kennara sem þar starfa.

4. Önnur mál

- Fulltrúar foreldra óskuðu eftir yfirliti um viðhaldsmál. Hvað er búið að framkvæma síðustu ár og hvað er framundan í viðhaldsmálum? Skólastjóri mun hafa það klárt fyrir næsta fund.
- Rætt var um foreldrastarf og mikilvægi þess að taka upp þráðinn og efla þá áætlun sem búið var að móta og vinna eftir fyrir covid. Fram kom að víða vantar bekkjartengla og gaman væri að byrja að efla bekkjartenglastarf í árgöngum, t.d. með því að halda spilakvöld. Einnig þar að koma foreldraröltinu aftur af stað en það er í höndum Mosans.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland